

Ed.

364. Nefndarálit

[13. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 4 28. febr. 1966, um útflutningsgjald af sjávar-
afurðum.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur rætt málið á fundum sínum og leitað umsagna um það til aðila,
sem hér eiga hagsmuna að gæta.

Í umsögnum um málið hefur það helzt komið fram, að gagnrýndur er sá
mismunur, sem á sér stað varðandi álög á hinar ýmsu framleiðslugreinar.

Nefndin hefur að athuguðu máli leyft sér að bera fram nokkrar breytingar-
tillögur við frumvarpið og í þeim eignum m. a. stuðzt við ábendingar frá stjórn
Tryggingasjóðs fiskiskipa, er nefndinni bærust fyrir milligöngu sjávarútvegsráðu-
neytisins. Flytur nefndin umræddar breytingartillögur á sérstöku þingskjali. —
Að öðru leyti skal það fram tekið, að einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til
að flytja eða fylgja breytingartillögum, sem fram kunna að koma undir afgreiðslu
málsins.

Alþingi, 10. febr. 1971.

Jón Árnason,
form., frsm.

Jón Árm. Héðinsson,
fundaskr.

Axel Jónsson.

Bjarni Guðbjörnsson.

Gils Guðmundsson.
Sveinn Guðmundsson.

Ólafur Jóhannesson.